

23. mars 2010

Staða mála, atvinnuskapandi aðgerða og verkefna samkvæmt stöðugleikasáttmála

Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB,
Kennarasambands Íslands, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, ríkisstjórnar Íslands
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bændasamtaka Íslands
dags. 25. júní 2009.

I.

Forsætisráð um framfylgd stöðugleikasáttmála

Ábyrgð: Forsætisráðherra

Verkefni: Að fylgjast með og tryggja, með þátttöku allra aðila, framfylgd stöðugleikasáttmálans í heild sinni og innan einstakra verkefna og samráðshópa, skv. II. og III. kafla, og samhæfa verkefni.

II.

Verkefna- og samráðshópar um framfylgd stöðugleikasáttmála

Í stöðugleikasáttmálanum er kveðið á um samráð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og eru þessir aðilar sammála um að virkja eftir atvikum þegar starfandi samráðshópa eða koma á fót nýjum verkefna- og samráðshópum er vinni að afmörkuðum þáttum sáttmálans sem hér segir:

1. Samráðshópur ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál

Ábyrgð: Samgönguráðherra og fjármálaráðherra.

Verkefni: Að efla samstarf ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á sviði efnahagsmála og styrkja samræmingu áætlanagerðar og þjóðhagsreikninga hins opinbera. Að ganga frá útistandandi skuldum ríkisins vegna húsaleigubóta.

Staða verkefnis: Unnið er að mótun hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga á grundvelli vegvísis, sem undirritaður var af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármálaráðherra og formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 1. október sl. Verkefnið er langt komið, drög að tillögum og greinargerð liggur fyrir sem nú er til lokaumræðu í samráðsnefnd um efnahagsmál. Þau verða kynnt fyrir Jónsmessunefnd (samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga). Reiknað er með að leggja fram tillögur um innihald og uppbyggingu hagstjórnarsamnings, auk setningu fjármálareglna, sem liggja fyrir til opinberrar kynningar.

2. Samráðshópur um bæta stöðu lántakenda og skuldsettra heimila

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Verkefni: Bæta stöðu skuldsettra heimila, tryggja að þau úrræði sem þegar hefur verið komið á gagnist, eins og vænst var. Unnar verði tillögur um viðbótarúrræði eftir því sem þörf krefur og tillögur um það hvernig styrkja megi stöðu lántakenda á fjármálamarkaði.

Staða verkefnis: Samráðshópurinn hefur fundað reglulega og rætt við fjölmarga aðila sem þessu máli tengjast.

Frumvarp um sérstakar aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldmiðilshrunsins var samþykkt sem lög nr. 107 frá Alþingi 23. október s.l. Til eftirfylgni við löginn var skipuð pólitísk samráðsnefnd undir forystu Magnúsar Péturssonar ríkissáttasemjara. Hefur hún haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila og leitast við að draga fram þau atriði sem þyrfti að lagfæra í núverandi löggjöf og framkvæmd hennar. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur enn fremur skipað 3ja manna sérfræðinganefnd kv. sömu lögum til eftirlits með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Ríkisstjórnin kynnti 17. mars fjölbreytt viðbótarúrræði vegna skulda heimilanna þar sem m.a. hefur verið tekið tilliti til ábendinga stéttarfélaganna varðandi greiðsluáðlögun o.fl.

Velferðarvaktin

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðherra.

Verkefni: Að leita leiða í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins til að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélaga.

Staða verkefnis: Grunnþjónustuhópur velferðarvaktarinnar hefur sett saman greinargerð um grunnþjónustu og aðferðir við hagræðingu í efnahagsþrengingum. Næsta skref grunnþjónustuhópsins er að útbúa gátlista sem sveitarfélögin geti haft til hliðsjónar við hagræðingaradgerðir sem óhjákvæmilega eru framundan hjá þeim.

Jafnréttisstofa hefur fengið greinargerðina til umfjöllunar með tilliti til kyngreindra upplýsinga. Greinargerðin hefur einnig verið send félagsþjónustunefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga til yfirferðar með ósk um góð ráð varðandi útfærslu á gátlistanum.

Í greinargerð grunnþjónustuhópsins kemur fram að hópurinn leggur áherslu á að stjórnvöld nýti tækifærið í ljósi efnahagsástandsins til að hagræða á sem flestum sviðum innan stjórnsýslunnar og samhliða verði vörður staðinn um velferðarkerfið.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóð vaktarinnar:

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/utgafa2010/GreinargerðUmGrunnþjónustuVelferðarvakt100109.pdf>

3. Samráðshópur um málefni lífeyrissjóða

Ábyrgð: Fjármálaráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra.

Verkefni: Að endurskoða í samstarfi við sveitarfélög og aðila vinnumarkaðarins málefni lífeyrissjóða og móta framtíðarsýn fyrir lífeyriskerfið. Að leita leiða og gera ráðstafanir til að unnt sé að fresta skerðingu á réttindum sjóðfélaga á meðan endurskoðun fer fram.

Staða verkefnis: Fjármálaráðuneytið skipaði samráðshóp í byrjun febrúar sl. skv. tilnefningu frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, félags- og tryggingarmálaráðuneyti, SÍS, BSRB, KÍ, SA, ASÍ, KÍ, BSRB og félags- og tryggingarmálaráðuneyti. Gert er ráð fyrir að hópurinn ljúki störfum sínum á árinu 2010.

4. Samráðshópur um fjármögnun stórra framkvæmda

Ábyrgð: Fjármálaráðherra.

Verkefni: Að ganga til starfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16. júní 2009 o.fl. með sérstakri fjármögnun.

Staða verkefnis: Viðræðunefndin hefur unnið að skilgreiningu verkefna sem til álita koma gagnvart fjármögnun lífeyrissjóðanna og fundað með fulltrúum lífeyrissjóðanna. Forsenda þess að verkefni komi til álita er að þau séu sjálfbær eða rekin á viðskipalegum forsendum.

Vegaframkvæmdir með sérstakri fjármögnun

Framkvæmdir í einkaframkvæmd eða hefðbundin framkvæmd fjármögnuð með veggjöldum. Vegagerðin hefur unnið arðsemismat á framkvæmdum við:

- 1.1 Suðurlandsveg milli Reykjavíkur og Selfoss.
- 1.2 Vesturlandsveg um Kollafjörð
- 1.3 Vaðlaheiðagöng.
- 1.4 Sundabraut
- 1.5 Hvalfjarðargöng

Verkefni	Kostnaður [m.kr.]	Mannaflapörf [ársverk]	Tími útboðs [ár]	Framkvæmdatími [ár]
Suðurlandsvegur				
Vesturlandsvegur. - Hólmsá	3.450	110	2010	2010 – 2014
Hólmsá – Hveragerði	5.200	160	2010	2010 – 2013
Hveragerði – Selfoss	4.400	125	2012	2012 – 2014
Austan Selfoss	2.800	100	2013	2013 – 2014
Sundabraut 1. áfangi				
Eyjalausn í Gufunes	18.100	600	2014	2014 – 2016
Gangalausn í Gufunes	31.600	900	2014	2014 – 2017
Sundabraut 2. áfangi	6.800	210	2014	2014 – 2015
Vesturlandsvegur Kjalarn.	2.840	85	2013	2013 -2014
Hvalfjarðargöng	10.000	300	2011	2011 – 2014
Vaðlaheiði	8.600	250	2011	2011 – 2013

Samtals með eyjalausn 62.190 m.kr. og 1.940 mannár (32 m.kr./mannár)

Samtals með gangalausn 75.690 m.kr. og 2.240 mannár (34 m.kr./mannár)

Á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er starfandi þverpólitískur vinnuhópur sem ætlað er að gera tillögu um hvernig háttað skuli ákvarðanatöku um einkaframkvæmd með veggjöldum. Gert er ráð fyrir að með gjaldtöku megi flýta verulega framkvæmdum sem annars færu í hefðbundna ríkisframkvæmd sem tekur lengri tíma. Vinnuhópurinn mun m.a. horfa til upplýsinga sem komu fram á ráðstefnu sem haldin var í janúar, þar sem Norðmenn miðluðu af reynslu sinn varðandi aðferðir um val framkvæmda og ákvörðunartökuferli.

Tvær leiðir voru þar kynntar:

1. Veggjaldaleið þar sem innheimt er veggjald getur verið að fullu eða ákveðið hlutfall framkvæmdar og sá hluti sem eftir er greiddur af ríkinu. Endurgreiðsla á framkvæmdinni yfirleitt á 20 - 25 árum. Framkvæmdin er þá færð til gjalda á framkvæmdaárunum og væntanlegar tekjur af veggjaldinu líka.

2. 100% einkaframkvæmd þar sem allur heildarkostnaður er endurgreiddur með veggjöldum af vegfarendum á t.d. 25 árum.

Vonir standa til að þessi vinnuhópur muni skila tillögum í mars og mun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kynna þær þá með samgönguáætlun sem lögð verður fram á Alþingi núna í marsmánuði.

Háskólasjúkrahús

Verkefnisstjórn undir formennsku heilbrigðisráðuneytis er ætlað að forma verkefnið. Þann 4. nóvember 2009 var undirrituð viljayfirlýsing um aðkomu lífeyrissjóðanna að skilgreiningu á aðkomu þeirra að fjármögnun undirbúnings og framkvæmda. Ríkiskaup auglýsti eftir teyrum sérfræðinga til að taka þátt í forvali fyrir samkeppni um hönnun á nýjum Landspítala við Hringbraut. Samkeppnin tekur til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut og útfærslu á 66.000 m² nýbyggingu þar. Þann 22. febrúar sl. var tilkynnt hvaða fimm hópar komust í næstu umferð og fengu þeir afhent samkeppnisgögn þann 12. mars. Að lokinni samkeppni er gert ráð fyrir að vinningshafi vinni að frumhönnun, gerð forsagnar um stærðir, eiginleika og tæknilegar kröfur, gerð útboðsgagna auk eftirlits með endanlegri hönnun og aðstoð við verkefnisstjórn. Samkvæmt mannaflagreiningu á byggingu nýs Landsspítala munu 30 manns starfa við framkvæmdina á þessu ári, 2010, 80 manns árið 2011, 359 manns árið 2012, 756 manns á árunum 2013 og 2014, 636 árið 2015 og 23 árið 2016.

Samgöngumiðstöð í Reykjavík og stækkun flugstöðvar á Akureyri

Undirbúningur að samgöngumiðstöð í Reykjavík og stækkun flugstöðvar á Akureyri eru vel á veg komin. Viðræður standa nú yfir við borgaryfirvöld í Reykjavík og er niðurstöðu vonandi að vænta í 12. viku (21. til 28. mars). Hefst þá deiliskipulagstími sem tekur 100 daga.

Samgöngumiðstöð í Reykjavík:

Aðalbygging:	3.300 fermetrar	1,1 milljarður króna.
Lóð og bílstæði:	20.5000 ferm.	174 milljónir króna.

Ætla má að heildarmannaflapörf við verkið verði um 100 ársverk.

Stækkun flugstöðvar á Akureyri:

Frumhönnun liggur fyrir og er heildarstærð viðbyggingar áætluð 1.930 fermetrar. Heildarkostnaður miðað við fyrirliggjandi frumhönnun er áætlaður u.þ.b. 900 milljónir króna en inni í þeirri tölu eru nauðsynlegar breytingar á núverandi húsnæði. Ætla má út frá fyrirliggjandi kostnaðaráætlun að 60% af heildarkostnaði geti verið vegna innlands vinnuafis. (Þá er reiknað með steinsteyptri byggingu.) Miðað við þetta má áætla að verkið skapi um 80 ársverk, þar af um sjö ársverk við hönnun og eftirlit. Verkið er klárt til hönnunar, sem ætti að geta lokið með gerð útboðsgagna í september 2010. Framkvæmdir væri þá unnt að hefja fyrir árslok 2010.

Viðbygging: stærð um 1.930 fermetrar, kostnaður 900 milljónir kr.

Mannaflapörf vegna flugstöðvarinnar um 80 ársverk. Verkið gæti farið í útboð í apríl nk. og framkvæmdir hafist í júlí 2010.

Uppbygging á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Gert er ráð fyrir að vinnuhópur um aðkomu lífeyrissjóða að stórframkvæmdum útfæri stofnun sérstaks sjóðs sem í renni þau gjöld sem lögð verða á erlenda ferðamenn og eiga að standa undir uppbyggingu fjölsóttra ferðamannastaða á Íslandi. Markmiðið er að þegar á þessu ári verði tiltækar á bilinu 500 til 750 milljónir króna til slíkra uppbyggingarstyrkja.

Viðhald opinberra bygginga.

Verið er að taka saman hvaða verkefni væri hægt að ráðast í en hér er eingöngu um fjárútlát af hálfu ríkisins að ræða. Heildarframkvæmdakostnaður er áætlaður 2.682 m.kr. á vegum Fasteigna ríkisins.

Ennfremur má nefna breytingar á útlánareglum Íbúðalánasjóðs til viðhaldsverkefna sem mun auðvelda opinberum aðilum o.fl. að ráðast í slík verkefni og skapa þannig ný störf, einkum í byggingariðnaði.

Þá eru áformaðar frekari breytingar á útlánareglum Íbúðalánasjóðs sem hníga í sömu átt, þ.e. að rýmka um heimildir sjóðsins til að lána í uppbyggingu félagslegra þjónustuverkefna.

Mögulegar framkvæmdir á vegum Kadeco á Ásbrúarsvæðinu (Keflavíkurflugvöllur)

Kvikmyndaver í fyrrum vélaverkstæði varnarliðsins: Alls hafa um 20 manns komið að þessari vinnu sem hófst í október 2009 og er nú nær lokið.

Skurðsjúkrahús í fyrrum spítala varnarliðsins og heilsuhótel: Þessi verkefni eru í skoðun og framkvæmdir ekki hafnar.

Endurbætur á ípróttahúsi, Flugvallarbraut 701: Verkið krefst iðnaðarmanna vegna loftræstinga, málningar-, pípulagninga- rafmagns- og smíðavinnu alls um 20-30 manns í 3 mánuði. Rafmagnsframkvæmdir og almennt viðhald eru vel á veg komin.

Endurbætur á kvikmyndahúsi: Á milli 5 og 10 iðnaðar- og verkamenn hafa komið að þessu verkefni sem hófst í október 2009 og er nú nær lokið.

Endurbætur á Officeraklúbbi: Húsnæðið er nú að hluta í notkun en gera þarf talsverðar breytingar á því. Verkið krefst iðnaðarmanna vegna loftræstinga, málningar-, pípulagninga- rafmagns- og smíðavinnu alls um 20-30 manns í 2-3 mánuði. Upphaf framkvæmda er nú áætlaðar í byrjun apríl 2010.

Uppbygging gatnakerfis Ásbúðar, opinna svæða og skólamál: Verktakavinna fyrir 40-50 verka- og vélamenn. Verkið er þegar hafið og er vel á veg komið.

Uppbygging rafdreifikerfis: Verki sem verður lokið fyrir október 2010. Á ársgrundvelli starfa um 30 rafvirkjar, 3-5 rafmagnsverkfræðingar og aðrir iðnaðarmenn, alls um 50 manns, við þetta verkefni.

II. Orkuframkvæmdir.

Fjárfestingar sem tengjast orkufrekum iðnaði og raforkukerfinu eru áætlaðar alls um 400 milljarðar kr. til ársins 2017, þar af um 265 milljarðar kr. í ár og næstu þrjú ár. Óvissa og erfiðar

aðstæður til fjármögnunar hafa tafið ákvarðanir. Aðkoma lífeyrissjóðanna byggist á lánveitingum í krónum en erfitt er fyrir orkufyrirtækin að fjármagna sig í íslenskum krónum þar sem tekjustreymi af fjárfestingunni er í erlendri mynt. Þessa stundina er verið er að skoða aðkomu að verkefnafjármögnun Búðarhálsvirkjunar.

Samantekið er staða þessara verkefna eftirfarandi:

Bygging Búðarhálsvirkjunar og stækkun álversins í Straumsvík

Landsvirkjun hefur nýlega tekið ákvörðun um að bjóða út undirbúningsframkvæmdir við Búðarhálsvirkjun. Kostnaðaráætlun vegna þessara framkvæmda er um 600-800 millj. kr. og gert er ráð fyrir 30-40 störfum við framkvæmdirnar. Viðræður standa yfir milli Landsvirkjunar og Rio Tinto Alcan um sölu á orku frá Búðarhálsvirkjunar til stækkunar á álverinu í Straumsvík.

Bygging álvers í Helguvík

Meiri óvissa ríkis nú um framgang Helguvíkurverkefnisins en áður eftir að Orkuveita Reykavíkur skrifaði undir samningsramma um orku frá fyrirhugaðri Hverahlíðar-virkjun til kísilmálmvinnslu í Ölfusi. Gert hafði verið ráð fyrir að orkan frá Hverahlíð færi til uppbyggingar 2. áfanga álversins í Helguvík. Þá ríkir óvissa um möguleika HS Orku til orkuöflunar á Reykjanesi.

Orkuverkefni á Norðurlandi.

Iðnaðarráðherra hefur undirritað viljayfirlýsingu við þrjú sveitarfélög í Þingeyjarsýslu um aðgerðir til að stuðla að atvinnuuppbygginu sem byggir á nýtingu jarðvarma á svæðinu. Markmið þeirrar vinnu sem fara mun fram í samræmi við yfirlýsinguna miðar að því að skapa þær aðstæður fyrir 1. október 2010 að hægt verði að ganga til samninga um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum.

Bygging gagnavers Verne Holding í Reykjanesbæ

Fjárfestingarsamningur og frumvarp til heimildarlaga vegna byggingar gagnavers Verne Holding ehf. er til umfjöllunar á Alþingi. Þá hefur náðst samkomulag um að stjórnvöld beiti sér fyrir því að meðferð virðisaukaskatt á tækjabúnaði til gagnavera á Íslandi verði sambærileg við það sem gildir innan Evrópusambandsins. Forsvarmenn Verne Holding eru bjartsýnir á að hægt verði að hefja rekstur í gagnaverinu á árinu 2010.

Greenstone

Greenstone vinnur enn að athugun á byggingu gagnavera hér á landi. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin enn um það hvort og þá hvenær bygging gagnavers hefst.

Kísilmálm- og sólarkísilmálmverksmiðjur

Orkuveita Reykjavíkur hefur nýlega undirritað samningsramma um orkusölu til kísilmálm- og sólarkísilmálmvinnslu sem óformað er að reisa í Ölfusi. Um er að ræða sölu á 85 MW af raforku frá fyrirhugaðri Hverahlíðarvirkjun en það yrði öll framleiðsla virkjunarinnar. Fjárfesting í virkjunni er áætluð um 30 milljarðar kr. og í verksmiðjunni um 29 milljarðar kr. Á byggingartíma er gert ráð fyrir 350-400 ársverkum við verkefnið og að 160 manns starfi við verksmiðjunar fullbyggða. Stefnt er að því að ljúka samningum milli aðila á næstu mánuðum. Forsvarsmenn Tomahawk hafa skýrt iðnaðarráðuneytinu frá því að fyrir liggi fjármögnun á byggingu kísilmálmvinnslu í Helguvík með fyrirvörum. Viðræður standa yfir við erlent fyrirtæki sem starfrækir slíkar verksmiðjur víða um heim og er vel fjármagnað. Þá standa yfir viðræður við

Landsvirkjun um afhendingu á 30 MW af raforku til viðbótar þeim 30 MW sem Tomahawk hafði vilýrði um frá HS Orku. Það vilýrði er úrunnið. Gert er ráð fyrir að viðræðum Tomahawk við Landsvirkjun ljúki í byrjun sumars. Verði þá ákveðið að ráðast í byggingu verksmiðjunnar gætu framkvæmdir hafist í sumar og framleiðsla á árinu 2012. Öll leyfi fyrir byggingu verksmiðjunnar liggja fyrir. Forsvarsmenn verkefnisins hafa farið fram á það við iðnaðarráðuneytið að gerður verði fjárfestingarsamningur.

III. Aðgerðir í atvinnumálum samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar 6. mars 2009

Aðgerðir í atvinnumálum samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram 6. mars 2009 hafa leitt til sköpunar um 2.392 starfa eða ríflega 56% af upphaflegum markmiðum í mars 2009 og eru verkefni í byggingariðnaði, nýsköpun og sjávarútvegi ásamt öðrum enn í framkvæmd. Mikilvægt er að hafa í huga þann fyrirvara að í markmiðum er talað um fjölda ársverka en í mörgum tilvikum var um að ræða störf og tímabundin verkefni og hvata sem erfitt hefur reynst að umreikna yfir í ársverk, einnig hefur ekki verið gerð grein fyrir fjölda afleiddra starfa en skv. upplýsingum Framkvæmdasýslu ríkisins má gera ráð fyrir að eitt starf í byggingariðnaði skapi eitt afleitt starf.

Á vettvangi ríkisstjórnarinnar hefur verið eflað yfirsýn yfir aðgerðir ráðuneyta, stofnana, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða í atvinnumálum og greitt fyrir framgangi fjárfestingarverkefna. Strax frá upphafi undirbúnings að fjárlagagerð næsta árs verði gætt að áhrifum á atvinnulífið og möguleikum til verðmæta- og atvinnusköpunar. Öpið vinnuferli Sóknaráætlunar 20/20 verði nýtt í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð og Hugmyndaráðuneyti til að safna markvisst hugmyndum um leiðir til að skapa störf. Iðnaðarráðherra felur Nýsköpunarmiðstöð útfærslu.

Lögð verður áhersla á að auglýsa sérstaklega endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði sem var hækkað tímabundið fyrir um ári síðan í 100% í stað 60% af vinnu sem fram fer á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011. Þessi heimild nær til vinnu við frístundahúsnæði og húsnæði í eigu sveitarfélaga. Auk þess var veitt heimild til endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum til viðbótar við verksmiðjuframleidd íbúðarhús. Markmiðið með breytingunum er að hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði samhliða því að koma til móts við húsbyggjendur sem eiga í erfiðleikum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga.

Störf í byggingariðnaði

Af verkefnum í byggingariðnaði má nefna að ákvörðun um að halda áfram byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss hefur skapað 430 störf. Hraðað útboð á leiguhúsnæði fyrir stofnanir ríkisins, þar sem fókheldu húsnæði verður komið í nýtanlegt ástand og var áætlað að myndi skapa 743 störf hefur nú þegar skapað um 300. Rýmkun lánsheimilda á vegum Íbúðalánasjóðs vegna viðhalds félagslegra íbúða og íbúða einstaklinga hefur leitt til útlána að upphæð 230 milljóna árið 2009 vegna endurbóta félagslegra íbúða og útlána að upphæð 1.059 milljóna frá janúar 2009-10 vegna almennra endurbótalána. Endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað í 100% hafa aukist úr 1.754 milljónir árið 2008 í 1.892 milljónir árið 2009. Aðrar endurgreiðslur hafa dregist saman og sýna vel hinn mikla samdrátt í byggingariðnaði sem átti sér stað milli árána 2008 og 2009. Erfitt að tala um starfasköpun á grundvelli útlána og endurgreiðslna en hægt er að leiða líkur að því að aðgerðirnar hafi komið í veg fyrir frekari samdrátt en orðinn er. Af áætlaða að um 1.800 störfum í byggingariðnaði hafa um 800 störf þegar skapast.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila er áformað að hefja byggingu nýrra hjúkrunarheimila í níu sveitarfélögum á næstu mánuðum. Þetta eru framkvæmdir upp á tæplega 1 milljarð króna á næstu tveimur árum sem koma til með að skapa fjölda nýrra starfa, fyrst í byggingariðnaði þar sem atvinnuleysið er hvað mest, og síðan munu einhver viðbótarstörf skapast í þjónustu við aldraða þegar heimilin eru fullbúin.

Sjávarútvegur

Augljóst er að útflutningur á óunnum afla hefur minnkað og íslensku fiskmarkaðirnir tóku á móti miklum afla á síðasta ári. Í nær eitt ár hefur verið haldið uppi þrotlausum þrýstingi og síðan gripið til aðgerða m.a. með útflutningsálagi en um áramótin var sett 5% kvótaálag á fisk, sem fluttur er út óveginn. Jafnframt var breytt reglum um fjölnetið frá 1. febrúar. Enda þótt fjölnetið hafi ekki virkað sem skyldi, kemur í ljós, að útflutningur á óunnum fiski hefur dregist saman um 29% milli sept. 2008-jan. 2009 og sept. 2009-jan. 2010. Útflutningur á óunnum þorski minnkaði um 23% og á ýsu um 48%. Á umræddu tímabili fyrir ári voru flutt út óunnin 12,8% af heildarafla, en nú er þetta hlutfall 9,4%. Ástæða er til að ætla, að sú vinna og sá mikli þrýstingur sem beitt hefur verið gagnvart seljendum og kaupendum hafi skilað nokkrum árangri.

Varðandi bættu nýtingu aukaafurða í sjávarútvegi lagði Matís fram skýrslu í byrjun mars sem unnin var fyrir sjávar- og landbúnaðarráðuneytið. Í skýrslunni kemur fram að árið 2008 veiddu íslensk skip um 151 þúsund tonn af þorski (127 þúsund tonn slægt) sem úr voru unnin 90 þúsund tonn af afurðum að verðmæti 59,5 milljarðar króna (fob). Um 75% aflans fór til landvinnslu, 20% var sjófryst og rúmlega 5% var flutt út óunnið í gámum. Niðurstöður þessarar skýrslu sýna að verulegur munur var á nýtingatölum í landvinnslu og sjávinnslu þ.s. flakanýting, hausnýting og nýting á aukaafurðum var umtalsvert lakari hjá frystitogarafлотanum. Gróft áætlað var nýting í landvinnslu um 72% (massahlutfall hráefnis og afurða miðað við slægt með haus) á móti um 44% í sjófrýstingu. Ýmsar ástæður kunna að liggja að baki þeirri staðreynd að nýting afla af frystiskipum sé mun lakari en í landvinnslu, en þó má ljóst vera að umtalsverð sóknarfæri séu fólgin í að auka nýtingu hjá frystitogarafлотanum. Hvort heldur sem er um borð í skipunum eða með því að koma með meira af aukaafurðum í land en nú er gert t.d. afskurður, marningur, lifur, hrogn, svil ofl.

Landbúnaður

Niðurstaðan af atvinnusköpun við skógræktarverkefni sl. sumar var ekki í takt við væntingar. Af 220 áætluðum ársverkum náði að skapa 64 ársverk. Ástæður eru meðal annars vegna þess að ekki náðist samkomulag á milli Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélag Íslands og hins vegar voru sveitarfélög ekki tilbúin til að skuldbinda sig til að ráða eins marga starfsmenn eins og verkefni kröfðust. Af verkefnafénu eru enn eftir 37,5 milljónir og er verið að skoða viðlíka verkefni næsta sumar að hálfu Samgönguráðuneytisins.

Snjóflóðavarnir

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir skapa 26 störf á árinu 2010.

Staður	Ársverk
Ólafsfjörður, Fjallabyggð	5
Neskaupstaður, Fjarðabyggð	14

Verkefni vegna Vatnajökulsþjóðgarðs eru um 12 ársverk vegna starfa innan/á vegum þjóðgarðsins og önnur 10 ársverk vegna starfa í tengslum við þjóðgarðinn.

Kvikmyndagerð

Hækkun endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar úr 14% í 20% hefur leitt til 783 starfa. Ekki er þó í öllum tilfellum um ársstörf að ræða heldur tímabundin störf. Áætluð voru um 130 ársverk.

Orkuviðhaldsverkefni.

Verkefni á sviði orkuviðhalds og orkusparnaðar var sett af stað í kjölfar samþykkt laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar (lög 41/2009). Styrkir verða veittir til endurbóta á einangrun íbúðarhúsa á svæðum þar sem ríkið greiðir styrki til að lækka húshitunarkostnað, ásamt sérstökum lánnum frá Íbúðalánasjóði. Verkefnið hleypir af stað framkvæmdum sem skapa talsvert af tímabundnum verkefnum fyrir verktaka en einnig fyrirtæki eins og gluggasmiðjur og steinullarverksmiðjuna. Samanlagt má áætla að allt að 30 ársverk af áætluðum 75 hafi skapast með átaksverkefninu. Ætla má að stærsti hluti af framlagi ríkis í átaksverkefnið skili sér til baka í gegnum skatttekjur af launum, virðisaukaskatt af efni og lægri niðurgreiðslur til húshitunar.

Nýsköpunarverkefni

Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki með það að markmiði að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf með því annars vegar að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar að hvetja til þess að menn og lögaðilar fjárfesti í þeim að uppfylltum tilteknum skilyrðum komu til framkvæmda í byrjun árs. Verkefnastjóri hefur verið ráðinn til að stýra vinnu við verklag og gert er ráð fyrir að drög verði lögð fyrir hagsmunaaðila í mars og vinnu verði lokið í apríl. Samhliða er unnið að gerð rafræns kerfis fyrir umsækjendur sem halda mun utanum umsóknir og árangur af lögnum. Þó svo að formlegt umsóknarkerfi sé ekki komið í gagn er fyrirtækjum er hyggjast sækja um endurgreiðslu leiðbeint um hvernig haga eigi verkþókhaldi og öðru til að geta sótt um endurgreiðslur og geta því hafið rannsóknar og þróunarverkefni nú þegar. Áætluð starfasköpun vegna laganna er 1000 ársverk Mat á fjölgun starfa er byggt á samtölum við forystumenn í greininni, og sérfræðingum iðnaðarráðuneytisins.

Verkefni tengd nýsköpun hafa gengið vonum fram. Margþætt ferðaþjónustuverkefni fengu styrki frá iðnaðarráðuneytinu árið 2009. Verkefnin eru á sviði nýsköpunar, menningar- og heilsutengdrar ferðaþjónustu og þróunar í vinnslu matvæla fyrir ferðamenn. Einnig vegna uppbyggingar á aðstöðu fyrir farþega skemmtiferðaskipa og almennta úrbóta á ferðamannastöðum. Verkefnin hafa skapa um 80 störf á þessu ári en gert er ráð fyrir að þau verði allt að 300 í árslok 2011 nái áætlanir fram að ganga. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir 50 störfum. Ráðning sérfræðinga af atvinnuleysisráði til nýsköpunarfyrirtækja undir nafninu Starfsorka hefur gengið vel. Gerðu upphaflegar áætlanir ráð fyrir 300 ársverkum og hafa nú þegar skapast 202 störf hjá 88 fyrirtækjum.

Frumkvöðlasetur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eru nú orðin 8 talsins og er markmið þeirra að skapa frumkvöðlum þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita þeim faglega þjónustu og stuðning við framgang hugmynda sinna. Þar hafa skapast 208 ársverk en áætlanir gerðu ráð fyrir 100 ársverkum

Menningarmál

Lög um listamannalaun 57/2009 miða að því að efla listsköpun með því að fjölga listamönnum sem launa njóta. Gert er ráð fyrir að árslaunum listamanna fjölgi í áföngum úr 100 í 133 fram til ársins 2012.

IV. Ýmis önnur atvinnuskapandi verkefni og aðgerðir á sviði vinnumála.

Samgönguframkvæmdir samkvæmt fjárlögum o.fl.

Alls starfa nú 263 manns við vegagerð á Íslandi. Þar af eru 160 sem starfa við annað en það sem telst vera hefðbundin vegagerð. 50 manns starfa við frágang í Bolungarvíkurgöngunum, 20 starfa við brúarsmíði við Bræðratunguveg, 40 manns starfa í hafnargerð við Landeyjarhöfn og 50 starfa við frágang í Héðinsfjarðargöngunum. Búast má við að störfum í vegagerð muni fjölga á næstunni vegna fyrirhugaðar framkvæmdar á Suðurlandsvegi.

Árið 2010 verður unnið fyrir 11,5 milljarða króna við vegafamkvæmdir sem þegar eru í gangi. Í fyrra var unnið fyrir 16 mkr. Verk sem eru í gangi klárast flest öll á árinu og eru þá verk í gangi fyrir 1,5 milljarða árið 2011 og 500 milljónir árið 2012. Unnið er að gerð 4. ára samgönguáætlunar fyrir árin 2009 - 2012 en þar verða kynntar framkvæmdir fyrir 14.5 milljarða fyrir árin 2011 og 2012.

Tólf ára samgönguáætlun 2011 -2022 sem er aðallega langtíma stefnumótun verður lögð fyrir Alþingi í haust.

Ný útboð á árinu 2010 fyrir 2 milljarða króna:

3.1 Útboð Suðurlandsvegjar hefur verið auglýst og verða tilboð opnuð 20. apríl.

Kostnaðaráætlun 1150 mkr.

3.2 Útboð á Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ verður opnað 10. apríl.

Kostnaðaráætlun

450 mkr.

Fyrirhuguð útboð í viðhaldsverkefnum Vegagerðarinnar

Viðhalds og þjónustuverkefni samtals

- áætluð um 40 útboð
- áætlað verðmæti 2.470-2.700 m.kr.

Verkefnin eru árstíðabundin og er áætlaður fjöldi ársverka 40-50, en búast má við að yfir sumarið vinni um það bil 100 manns að þessum verkefnum.

Framkvæmdir á sviði siglinga og flugs árið 2010.

Landeyjahöfn

Brimvarnargarðar, dýpkun, bryggju og farþegaaðstaða 1.270

Allt landið

Hafnargerð, áætlaður heildarkostnaður ársins (án Landeyjah.) 433

Framkvæmdir opinberu samgönguhlutafélaganna.

Framkvæmdir og viðhaldsverkefni á vegum Fugstoða ohf. á ýmsum stöðum á landinu eru um 320 millj. kr. sem er áætlað um 15 – 20 ársverk.

Framkvæmdir og viðhaldsverkefni á vegum Keflavíkurflugallar eru áætluð um 150 milljónir kr. og um 15 ársverk.

Framkvæmdir o.fl. á vegum Íslandspóstis h.f. ca 570 mkr í m.a. nýbyggingu á Selfossi, viðhald húsnæðis á Akureyri, Hvammstanga og í Reykjavík og ýmiss önnur verkefni sem er áætlað 25-30 ársverk

Staða verkefna fjarskiptasjóðs og áætluð útgjöld

Háhraðaverkefnið hófst í febrúar á síðasta ári sbr. Áætlað er að kostnaður sjóðsins vegna verkefna ársins 2010 muni nema um 287 m.kr. en hann stafar aðallega af uppbyggingu háhraðanets á landsbyggðinni.

Ýmis nýsköpunarverkefni.

Skipaður verði vinnuhópur Nýsköpunarmiðstöðvar, iðnaðarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, efnahags- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis sem skili fljótlega tillögum um hvernig bæta megi skilyrði til að stofna og reka smáfyrirtæki, m.a. með því að huga að fyrirkomulagi lánatrygginga vegna uppbyggingar og verðmætasköpunar frumkvöðla.

Lánatryggingasjóður kvenna taki til starfa á ný. Bráðabirgðastjórn sjóðsins skipuð fulltrúum iðnaðarráðuneytis, félags- og tryggingamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar ljúki uppsetningu sjóðsins og fyrirkomulagi.

Iðnaðarráðherra felur Nýsköpunarmiðstöð að leita samstarfsaðila til að koma á fót sérstökum fjárfestingarsjóði fyrir svokallaða viðskiptaengla sem vilja leggja fjármuni í viðskiptahugmyndir og uppbyggingu sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Leitað verði samstarfs við Hugmyndaráðuneytið og aðra aðila.

Iðnaðarráðherra felur Nýsköpunarmiðstöð að koma á formlegu stefnumótatorgi viðskiptaengla og frumkvöðla þar sem til verður gagnagrunnur um viðskiptahugmyndir og komið á tengslum þeirra og áhugasamra fjárfesta sem vilja og geta veitt þeim brautargengi.

Nýsköpunarmiðstöð er að ýta úr vör verkefninu Viðhald og verðmæti sem unnið er í samvinnu við Íbúðalánasjóð, Byggðastofnun, iðnaðarmenn í héraði og byggingarefnasala. Farið verður um landið, kennt viðhald mannvirkja, rætt um brýn verkefni, undirbúning þeirra og fjármögnun og loks framkvæmt með iðnaðarmönnum á staðnum. Reiknað er með allt að 500 verkefnum.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samráði við Sorpu og tengda aðila vinnur nú að áætlun um gerð eldsneytis úr sorpi sem til fellur á Reykjavíkursvæðinu. Hugmyndin myndi svara kalli nýrra tíma varðandi breytingar á sorpurðun. Hún felur í sér að umbreyta sorpi í eldsneyti með því að nota háhitagösun og efnaferla er leiða munu til framleiðslu svokallaðs Fischer Troops dísilis. Slík

verksmiðja myndi anna sorpeyðingu 160 þúsund tonna á ári og framleiða nægt eldsneyti til að knýja fólksbíla í Reykjavík.

Iðnaðarráðherra felur Nýsköpunarmiðstöð að hafa frumkvæði að stofnun Nýsköpunarsjóðs framhaldsskólanema í samvinnu við menntamálaráðuneytið og aðra hagsmunaaðila og mun leggja sjóðnum til 5 milljónir króna á þessu ári. Markmiðið er að í samvinnu við hagsmunaaðila í atvinnulífinu fái nemendur tækifæri til að vinna að nýsköpunarhugmyndum sem hægt er að þróa í verknámsaðstöðu framhaldsskólanna á sumrin. Nemendur fái tækifæri í sumarleyfum að vinna að útfærslum og framleiðslu undir handleiðslu verknámskennara og í samvinnu við fyrirtæki. Þarna kynnast nemendur ekki aðeins verknámi heldur einnig nýsköpunarvinnu auk þess sem dregið er úr atvinnuleysi skólafólks.

Nýsköpunarmiðstöð vinnur að opnun FabLab í Skagafirði og undirbúningur er hafinn á Akranesi. FabLab stendur fyrir Fabrication Laboratory og er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Uppruni þess er við MIT tækniháskólann í Boston og er Nýsköpunarmiðstöð í samvinnu við skólann. Áhersla er lögð á að FabLab verði opnað í Reykjavík þar sem reynt verði að ná til ungra atvinnulausra svo hæfni þeirra sé virkjuð og þau þar með búin undir þátttöku í atvinnulífinu að nýju. Heildarfjöldi nemenda í FabLab á árinu gæti verið um 1000.

Nýsköpunarmiðstöð stefnir að opnun frumkvöðlasetursins Álheima á Austurlandi í samvinnu við Samtök Áliðnaðsins, Þróunarfélag Austurlands og verkfræðistofuna HRV ásamt starfsgreinafélaginu AFL. Stefnt er að því að þar verði aðstaða fyrir um tug fyrirtækja með um 30 starfsmenn samtals sem vinna úr áli eða koma nærri efnistækni áls.

Nýsköpunarmiðstöð er að móta verkefni í samvinnu við Ríkiskaup þar sem opinber innkaup er nýtt sem hvatning til nýsköpunar og þróunar. Opinber innkaup eru um 30% af fjárlögum ríkisins og með því að leita leiða til að sameina sparnað og nýsköpun má hvetja til nýrra vöru- og þjónustulausna. Þegar er verið að skoða möguleika á innlendri framleiðslu á afar dýrri vöru sem mikið er flutt inn af fyrir heilbrigðisgeirann.

Atvinnuskapandi verkefni fyrir námsmenn

Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu er nú unnið að útfærslu atvinnuskapandi verkefna sem gætu með góðu samstarfi við sveitafélög og atvinnulífið almennt skapað allt að 600 störf fyrir námsmenn í sumar. Um er að ræða störf við skráningu og umsýslu hjá ýmsum stofnunum ráðuneytisins auk eflingu Nýsköpunarsjóðs námsmanna(NSN) í samstarfi við Reykjavíkurborg, önnur sveitafélög og atvinnulífið. Gert er ráð fyrir að fjárframlag ráðuneytisins verði samtals um 110 milljónir króna vegna þessa og ætti það framlag eitt að geta tryggt um allt að 350 störf í þrjá mánuði í sumar. Óskað hefur verið eftir því við Reykjavíkurborg að hún komi með 40 milljónir króna að verkefninu. Aðkoma atvinnulífsins er hugsuð á þann hátt fyrirtæki taki námsmenn í vinnu í þrjá mánuði í verkefni sem sáþykkt er af NSN og greiði þá laun í einn mánuð á móti tveimur frá NSN. Ráðuneytið mun í samstarfi við NSN hafa samband við atvinnurekendur á næstunni til þess að vekja athygli þeirra og áhuga á verkefninu. Þá er stefnt að því að námsmönnum verði áfram boðið upp á svokölluð sumarlán hjá Lánsjóði íslenskra námsmanna (LÍN). Forsenda þess að námsmenn hafi kost á slíkum lánum er að láns hæft nám sé í boði og hefur ráðuneytið því óskað eftir því við Háskóla Íslands að hann kanni möguleika til þess að bjóða upp á sumarnámsekeið og –próf innan síns fjárlagaramma.

Störf við þýðingar o.fl.

Utánríkisráðuneytið hefur á þessu ári ráðið 10 þýðendur til starfa við þýðingamiðstöð, sem allt eru ný störf. Á næstunni verður auglýst eftir allt að 14 þýðendum til viðbótar. Ráðuneytið réð í byrjun ársins 7 starfsnema, sem starfa í ráðuneytinu og sendiskrifstofum okkar erlendis um 6 mánaða skeið. Þetta eru allt ungir háskólanemar. Með vorinu verður auglýst eftir starfsmum fyrir seinni hluta ársins, gætu þeir orðið allt að fimm. Einnig er verið að ráða 3 starfsnema til þýðingamiðstöðvarinnar. Á næstu vikum verða 25 þýðendur valdir með útboði til að vinna þýðingarstörf fyrir ráðuneytið. Það mun skapa amk 10 full störf fyrir almenna þýðendur á þessu ári og þeim kann að fjölga í tugi starfa á því næsta.

Vinumarkaðsúrræði á vegum Vinnumálastofnunar

Skráð atvinnuleysi í janúar 2010 var 9% eða að meðaltali 14.705 manns og eykst atvinnuleysi um 6,7% að meðaltali frá desember eða um 929 manns. Á sama tíma á árinu 2009 var atvinnuleysi 6,6%, eða 10.456 manns að jafnaði. Alls voru 16.382 atvinnulausir í lok janúar. Þeir sem voru atvinnulausir að fullu voru hins vegar 13.424, af þeim voru 1.569 í einhvers konar úrræðum á vegum Vinnumálastofnunar, auk þess sem mikill fjöldi fer í ráðgjafarviðtöl og á kynningarfundir. Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir frá 2006 eru tiltekin helstu vinnumarkaðsúrræði sem Vinnumálastofnun skal annast. Þar kemur m.a. fram að Vinnumálastofnun sé heimilt að veita styrki úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þátttöku fólks í vinnumarkaðsúrræðum sem rétt á til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögnum. Markmið vinnumarkaðsúrræða eru að viðhalda hæfni, endurmennta, endurhæfa, viðhalda félagslegri virkni, sporna við langtímaatvinnuleysi og stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á landinu. Mikil áhersla er lögð á starfstengd úrræði svo og atvinnutengda endurhæfingu.

Alls voru 1.569 skráðir í sérstök úrræði hjá Vinnumálastofnun í janúar, en auk þess fer mikill fjöldi í viðtöl hjá ráðgjöfum stofnunarinnar og á kynningarfundir. Rúmlega þriðjungur var á aldrinum 16-24 ára eða 533. Þá voru 33 manns í sérstökum átaksverkefnum og 55 voru með frumkvöðlasamning eða unnu að þróun eigin viðskiptahugmyndar í mánuðinum. Námsamningar í gildi í janúar voru 528. Alls nutu 194 manns góðs af námstengdum úrræðum í janúar, 82 af starfstengdum og 462 manns voru í grunnúrræðum í mánuðinum. Útlendingar í úrræðum voru 69 í janúar þar af 25 í íslensku, 7 voru á námssamningi, 3 voru í starfsþjálfun eða reynsluráðningu, enginn var í átaksverkefni og 34 í ýmiss konar úrræðum.

Lögbundnar vinnumarkaðsaðgerðir.

Starfsþjálfun. Þríhliða samningur til 6 mánaða milli atvinnurekanda, atvinnuleitanda og Vinnumálastofnunar. Markmið samningsins er að atvinnuleitandinn fái tækifæri til að þjálfa sig í þeirri starfsgrein sem fyrirtækið eða stofnunin starfar innan til að auka hæfni sína til slíkra starfa á vinnumarkaði enda sé hann reiðubúinn að ráða sig til framtíðarstarfa innan starfsgreinarinnar. Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins.

Reynsluráðning. Samningur við fyrirtæki eða stofnun um reynsluráðningu atvinnuleitanda. Markmið samningsins er að atvinnuleitandinn fái tækifæri til að öðlast reynslu í þeirri starfsgrein sem fyrirtækið eða stofnunin starfar innan og að veita fyrirtækinu eða stofnuninni tækifæri til að ráða atvinnuleitandann til reynslu í þeim tilgangi að stuðla að framtíðarráðningu hans innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar. Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins.

Námssamningar. Eitt þeirra úrræða sem atvinnuleitendum getur staðið til boða er að stunda styttra nám eða hluta af lengra námi á meðan fólk er á atvinnuleysisbótum. Um það gilda þó ákveðnar reglur og er það háð mati ráðgjafa hjá Vinnumálastofnun.

Atvinnutengd endurhæfing. Með starfsendurhæfingarsamningnum skuldbindur atvinnuleitandi sig til að taka fullan þátt í starfsendurhæfingaráætlun sem hann hefur gert í samvinnu við ráðgjafa Vinnumálastofnunar og aðra þjónustuaðila, á sama tíma fær viðkomandi greiddar atvinnuleysisbætur sem hann á rétt til á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar. Skilyrði er að starfsendurhæfingaráætlunin komi til með að nýtast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit og sé til þess fallin að skila honum árangri við að finna starf.

Þróun eigin viðskiptahugmyndar. Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan samning við atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysisstryggingakerfisins um að hann vinni í allt að sex mánuði að þróun eigin viðskiptahugmyndar með það að markmiði að koma hugmyndinni í framkvæmd, á sama tíma fær viðkomandi greiddar atvinnuleysisbætur.

Frumkvöðlastarf. Starfsorka er átaksverkefni með það markmið að auðvelda fyrirtækjum að ráða fólk í atvinnuleit. Markmið verkefnisins er að styðja við nýsköpun og þróun í fyrirtækjum, koma á tengslum milli atvinnuleitanda og fyrirtækja og styðja við frumkvöðla með hugmyndir um nýsköpun. Verkefnið er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins. Fyrirtækið skuldbindur sig til að ráða atvinnuleitanda við þróun nýrrar viðskiptahugmyndar í allt að sex mánuði og greiðir honum laun samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Sérstök átaksverkefni. Vinnumálastofnun er heimilt að gera sérstakan samning við fyrirtæki, stofnun eða frjáls félagasamtök um að ráða atvinnuleitanda til að sinna sérstökum tímabundnum átaksverkefnum sem eru umfram lögbundin og venjuleg umsvif. Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins. Samningurinn skal vera gerður að hámarki til sex mánaða og óheimilt er að framlengja hann vegna sama atvinnuleitanda.

Sjálfbóðaliðastarf. Samningur Vinnumálastofnunar við frjáls félagasamtök um að atvinnuleitandi taki þátt í sjálfbóðaliðastarfi. Atvinnuleitandinn tekur þátt í sjálfbóðaliðastarfi sem hann hefur valið sér en samhliða starfi sínu sem sjálfbóðaliði skal hann vera í virkri atvinnuleit, á sama tíma fær viðkomandi greiddar atvinnuleysisbætur.



Mynd 1. Lögbundnar vinnumarkaðsaðgerðir Vinnumálastofnunar er lúta að atvinnuleitendum.

Nánar um sérstök átaksverkefni:

Völundarverk - Reykjavík er átaksverkefni sem felst í því að gefa atvinnuleitendum með sveinspróf í húsmíði tækifæri til að læra handverk og verklag í tengslum við viðhald og viðgerðir á gömlum húsum í Reykjavík. Þátttakendur starfa síðan tímabundið (3-6 mánuði) við verkefni á vegum Reykjavíkurborgar. Að verkefninu standa Reykjavíkurborg, Vinnumálastofnun, Iðan fræðslusetur, Húsfriðunarnefnd og Minjasafn Reykjavíkur.

Ungt fólk til athafna - Réttur til vinnu eða virkni er verkefni sem hófst í lok árs 2009. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur falið Vinnumálastofnun að tryggja það markmið að enginn verði atvinnulaus lengur en þrjú mánuði án þess að bjóðast vinna eða virkniúrræði. Þessu markmiði skal náð gagnvart fólki yngra en 25 ára fyrir 1. apríl 2010 og 1. september 2010 fyrir aðra. Vinnumálastofnun mun leita leiða til að ná settu markmiði í nánú samstarfi við stéttarfélög, fyrirtæki og sveitarfélög. Settar hafa verið upp 5 leiðir sem til samans er ætlað að mynda yfir 2.000 ný starfs- eða námstækifæri fyrir ungt fólk, allt að 450 ný námstækifæri í framhaldsskólum landsins fyrir ungt fólk án atvinnu bæði í núverandi námsbrautum og nýjum námsbrautum til framhaldsskólaprófs þar sem MMR mun leiða þróun nýrra námsleiða, allt að 700 ný námstækifæri fyrir fólk án atvinnu til náms á vegum símenntunarstöðva og til aðfararnáms að frumgreinadeildum og lýðskólum, allt að 450 ný starfsþjálfunarpláss og störf við átaksverkefni á vegum félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra, allt að 400 ný sjálfboðastörf, allt að 400 ný pláss á vinnustofum ásamt endurhæfi ngar- og meðferðarúrræðum.

Starfsendurhæfing langtímaatvinnulausra. Stóraukið átak stendur fyrir dyrum í starfsendurhæfingu langtímaatvinnulausra sem miðar að því að gera þeim kleift að komast aftur út á vinnumarkaðinn og draga þannig úr atvinnuleysi.

5. Samráðshópur um eftirlit á vinnumarkaði og vinnumarkaðsskírteini.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra.

Verkefni: Að taka upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um virkt eftirlit á vinnustöðum og upptöku vinnustaðaskírteina.

Staða verkefnis: Félags- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fram og mælt fyrir frumvarpi til laga um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskilríki svo renna megi styrkari stöðum undir virkt eftirlit aðila vinnumarkaðarins á vinnustöðum sem og að skýra betur hvernig stjórnvöld kunna að nýta sér þær upplýsingar er fram koma í eftirlitinu. Frumvarpið var unnið í nánu samráði við fulltrúa ASÍ og SA auk þess sem samráð hefur verið haft við fjármálaráðuneytið, ríkisskattstjóra, Vinnueftirlit ríkisins og Vinnumálastofnun.

6. Samráðshópur um samfélagslega ábyrgð við endurreisn atvinnulífsins

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Verkefni: Að móta sameiginlega viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila að atvinnustarfsemi og eignarhaldi fyrirtækja. Stuðst verði m.a. við viðurkenndar innlendar og erlendar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Staða verkefnis: Hópurinn hefur komið saman til fimm funda og stefnir að því að skila af sér eins fljótt og hægt er. Fenginn hefur verið utanaðkomandi aðili (Salvör Nordal) til að greina hvaða viðmið skulu tekin til skoðunar. Hópurinn mun næst funda þegar greinargerðin liggur fyrir.

III.

Ýmis önnur verkefni sem kveðið er á um í stöðugleikasáttmálanum og unnið er að.

Í stöðugleikasáttmálanum er kveðið á eftirfarandi verkefni án þess að gert sé ráð fyrir að sérstakir samráðshópar verði settir á fót eða virkjaðir til þess að fjalla um þau. Fylgst verður með framgangi þessara verkefna í forsætisráði.

1. Kjarasamningar.

Samningsaðilar á opinberum vinnumarkaði vinna að gerð kjarasamninga á vettvangi samninganefnda ríkisins og viðkomandi stéttarféлага.

Staða kjarasamningsviðræðna: Búið er að gera og samþykkja kjarasamning við KÍ. Samið var við prófessora í janúar sl. en ósamið er við önnur stéttarfélög BHM, öll stéttarfélög og þá hópa sem vinna á sjó og á lofti og sjúkraliða. Einnig á eftir að semja við lögreglumenn, tollverði og sjúkraflutningamenn, sem felldu kjarasamninga á síðasta ári.

2. Ríkisfjármál.

Fjármálaráðherra ber ábyrgð á því að viðhalda virku samráði við aðila sáttmálans vegna undirbúnings fjárlaga, um stöðu tekjustofna ríkis og sveitarféлага, áætlana um tekjuöflun, mögulegar lagabreytingar tengdar tekjuöflun, og um mögulega aðkomu lífeyrissjóða að viðskiptum við erlenda aðila sem eiga eignir í íslenskum krónum.

Áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum og fjárlög 2010: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2010 var byggt á aðgerðaáætlun ríkis og AGS. inni en þar var þó stefnt að heldur meiri bata á frumjöfnuði, eða sem nam 6,9% af VLF. Við afgreiðslu frumvarpsins hækkuðu frumgjöld um 10,4 milljarða kr. Bati í frumjöfnuði ríkissjóðs milli áranna 2009 og 2010 verður heldur minni en í fjárlagafrumvarpinu, eða 5,5% af VLF á rekstrargrunni. Þessi slaki er þó talinn vera ásættanlegur, þ.m.t. af AGS, miðað við upphafleg markmið aðgerðaáætlunarinnar. Að öðru óbreyttu þarf þó að vinna hann upp á tímabilinu.

Endurskoðun langtímaáætlunar og fjárlagafrumvarp 2011: Ríkisstjórnin samþykkti í janúar sl. að hafinn yrði vinna við heildarendurskoðun á sköttum og tekjuöflun ríkisins. Vinnur starfshópur fjármálaráðuneytis að því verki og í tengslum við samráðsnefnd sem aðilar stöðugleikasáttmálans eiga sæti í. Stefnt er að því að áfangaskýrsla geti legið fyrir í lok júní og að niðurstaða þeirrar vinnu geti legið til grundvallar tekjuáætlunar fjárlaga 2011 og tekjuhliðar langtímaáætlunar í ríkisfjármálum.

Fjármálaráðuneytið og ráðherranefnd um ríkisfjármál hafa hafist handa við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 2011 og endurskoðun langtímaáætlunarinnar. Í þeirri áætlanagerð verður mörkuð stefna um áherslur og forgangsröð í aðhaldsaðgerðum og þróun útgjalda í rekstri, tilfærslum og fjárfestingu og settir útgjaldarammar fyrir einstök ráðuneyti og málaflokka fyrir árin 2011–2013. Ætla má að stærðargráða aðgerða til að bæta afkomuna gæti þurft að vera nálægt 50 mia.kr. árið 2011, 30 mia.kr. árið 2012 og 20 mia.kr. árið 2013. Heildarmynd ríkisfjármálanna liggur því fyrir í stórum dráttum og á næstunni er því mest aðkallandi að fjalla um beinar aðgerðir til að ná settu marki. Ganga má út frá því að samdrátturinn í ríkisútgjöldunum verði erfiðasta og tímafrekasta viðfangsefnið í fjárlagavinnunni.

Tímaáætlun fjárlagagerðarinnar í ár, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, miðar að því megin markmið að stefnumörkun og ákvarðanataka um langtímaáætlun og útgjaldaramma einstakra ráðuneyta og málaflokka liggi fyrir í lok apríl. Ráðuneytin hafi þá tímann í maí og e.t.v. fram í júní til að útfæra nánar sína útgjaldaramma.

3. Endurreisn bankanna.

Endurreisn íslensku viðskiptabankanna lauk um miðjan desember sl. Alls nemur eiginfjárframlag ríkisins til bankanna 135 ma.kr. Upphaflega var gert ráð fyrir að þetta framlag yrði 385 ma.kr. og er það því 250 ma.kr. lægra. Auk þess veitir ríkið tveim bönkum víkjandi lán: Arion banka að fjárhæð 24 ma.kr. og Íslandsbanka að fjárhæð 25 ma.kr. Samtals nemur fjárbinding ríkissjóðs vegna endurreisnar bankanna því 184 ma.kr.

Banki	Heildar hlutfé (ma.kr.)	Hlutfé ríkis (ma.kr.)	Hluttur ríkis (%)	Víkjandi lán frá ríki (ma.kr.)	Heildar fjárbinding ríkis (ma.kr.)
Arion banki	72	9,36	13	24	33,36
Íslandsbanki	65	3,25	5	25	28,25
Landsbankinn	150	122,00	81	0*	122
Samtals	287	134,61	-	49	183,61

Niðurstaðan er mjög hagstæð fyrir ríkissjóð og leiðir hún til þess að vaxtagjöld ríkissjóðs verða samtals um 46 ma.kr. lægri árin 2009 og 2010 en þau hefðu orðið miðað við upphaflegar áætlanir. Af því vegur sú niðurstaða að kröfuhafar Kaupþings og Glitnis eignast Arion banka og Íslandsbanka þungt, en hún leiðir til samtals 21 ma.kr. lægri vaxtakostnaðar árin 2009 og 2010.

* Víkjandi lán frá ríki eru ófrágengin við Landsbankann.

4. Hömlum á gjaldeyrisviðskiptum aflétt.

Seðlabanki Íslands vinnur að því að aflétta hömlum á gjaldeyrisviðskiptum í tímasettum áföngum eins og kveðið er á um í stöðugleikasáttmálanum í samráði við forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra.

Fyrstu skrefin varðandi afnám gjaldeyrishaftanna voru stigin í byrjun nóvember 2009 með afnámi á hömlum á nýju fjármagni. Auk þess hefur Seðlabankinn styrkt eftirlit og framkvæmd með reglum um gjaldeyrishöft í því augnamiði að koma í veg fyrir undanskot. Slíkt er mikilvægt til þess að viðhalda nauðsynlegum trúverðugleika á framkvæmd stefnunnar í gjaldeyrismálum. Stefnt er að því að stíga næstu skref varðandi frekari afnám gjaldeyrishafta um leið og aðstæður hafa skapast í samræmi við áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem birt var í ágúst 2009.

5. Lækkun vaxta.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands tilkynnti þann 17. mars sl. um lækkun vaxta Seðlabanka Íslands um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í 7,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 8,75%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 9,0% og daglánavextir í 10,5%.

Með þessu skrefi var enn eitt vaxtalækkunarskrefið stigið. Stjórnvöld vænta þess að með auknum gengisstöðugleika og lækkun verðbólgu aukist enn svigrúm til frekari vaxtalækkunar.

7. Starfsendurhæfingarmál og fullorðinsfræðsla.

Fjármálaráðherra og menntamálaráðherra munu beita sér fyrir tímasettum aðgerðum sem kveðið er á um í stöðuleikasáttmálanum að því er varðar starfsendurhæfingarsjóð, skattalega meðferð greiðslna úr sjúkra- og fræðslusjóðum og greiðslna úr verkfallssjóði, og framlög til fullorðinsfræðslu.

Staða mála:

Skattskylda greiðslna úr Starfsendurhæfingarsjóði, sjúkra- og fræðslusjóðum stéttarféлага Samþykkt hefur verið breyting á 28. gr. í tekjuskattslögnum, sbr. lög nr. 164/2008, sem felur í sér að styrkir úr Starfsendurhæfingarsjóði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila eru skattfrjálssir.

Um er að ræða fyrsta áfanga varðandi þessi mál, en þar sem um flókna framkvæmd sé að ræða þarfnist málið nánari skoðunar hvaða aðra styrki varðar. Eftir er að setja reglugerð um nánari framkvæmd á skattfrelsi greiðslna úr Starfsendurhæfingarsjóði.

Frekari opnun á skattfrelsi greiðslna úr sjúkra- og fræðslusjóða hefur ekki átt sér stað. Slíkt er afar vandmeðfarin, jafnframt því að sú opnun myndi kosta ríkissjóð og sveitarfélög verulega fjármuni.

Fjármálaráðuneytið hefur tekið upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins um hvernig meggi gera úrbætur á þessu sviði. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir.

Um fullorðinsfræðslumál

Framlög ríkisins til fullorðinsfræðslu hafa aukist í jöfnum framlögum árin 2008, 2009 og er aukningin komin í 300 m.kr. árið 2010 eins og yfirlýsingin gerði ráð fyrir.

Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, þar sem gert er ráð fyrir aðkomu starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, er nú til meðferðar í menntamálanefnd. Verði það samþykkt, munu framlög hækka á næstu þremur árum, um 70 m.kr. á árinu 2010, 90 m.kr. á árinu 2011 og 110 m.kr. á árinu 2012.

Starfsendurhæfingarsjóður

Til að lögfesta gjald í Starfsendurhæfingarsjóð þarf að breyta þrennum lögum.

Gert var ráð fyrir að breyta tvennum lögum á haustþingi 2009. Annars vegar lögum nr. 50/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, til að lögfesta gjald til Starfsendurhæfingarsjóðs frá atvinnurekendum, og hins vegar lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, til að lögfesta gjald til Starfsendurhæfingarsjóðs frá lífeyrissjóðum. Það hefur dregist.

Félags- og tryggingarmálaráðherra mun leggja fram breytingu að fyrri lögnum, þ.e. nr. 50/1980, og hefur fjármálaráðuneytið sent tillögu um breytingu á þeim lögum. Fjármálaráðherra mun leggja fram breytingu á lögum nr. 129/1997 og liggur frumvarp þess efnis fyrir.

Fjármálaráðherra hefur lagt til að breytingu á lögum nr. 113/1990 um tryggingargjald verði lagt fram á vorþingi.